



2. bekkur 2019 - 2020

Í öðrum bekk eru 46 nemendur, 22 stúlkur og 24 drengir sem eru í tveimur hópum. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Birna Ásgeirsdóttir og Hildur Bjarney Torfadóttir. Stuðningskennari er Sólbjörg Hilmarsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Margrét Eyjólfsdóttir og Svala Björg Reynisdóttir.

Aðalnámsskrá er reist á sex grunnþáttum menntunnar, þessir grunnþættir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og köpun. Þessir grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfinu. Þessir grunnþættir eru því hafðir að leiðarljósi í námi barna í 2. bekk.

Kennslustundir á viku skiptast sem hér segir:

Íslenska	8 kennslustundir
Forskóli	2 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræðigreinar	2 kennslustundir
Náttúrufræðigreinar	3 kennslustundir
List og verkgreinar	5 kennslustundir
Íþróttir	2 kennslustundir
Tölvufræði/bókasafn	1 kennslustund
Sund	1 kennslustund